



## Sveitarfélagið Vogar



# Handbók Vinnuskólans í Vogum

Sumarið 2020



# Efnisyfirlit

---

1. Forsíða
2. Efnisyfirlit
3. Almennar upplýsingar
4. Áhættumat
5. Vinnutími
6. Vikuskiptingar milli árganga
7. Starfsreglur vinnuskólans
8. Umsögn og viðurkenning
9. Hverfaskipting
10. Svæði 1
11. Svæði 2
12. Svæði 3
13. Svæði 4
14. Umsagnar eyðublað



# Almennar upplýsingar

---

## Vinnuskóli Vogu

*Félagsmiðstöð*

*Hafnargötu 17*

*Sími*

*Umsjónarmaður: Vignir, sími 8936983*

*Ábyrgðaraðili: Mattías, sími 8669538*

*Flokkstjórar: Aníta, sími 7770925 - Sædís, sími 7770926*

Starfsemi Vinnuskóla Vogu tekur mið af reglugerð um vinnu barna og unglinga nr. 426/1999 26. grein. Samkvæmt henni mega sveitafélög ráða ungmenni 13 ára og eldri til starfa yfir sumartíma. Sveitarfélagið býður nemendur í 8., 9. og 10. bekk sumarvinnu ásamt fyrsta bekk í framhaldsskóla. Þá eru ráðnir flokksstjórar 20 ára og eldri. Ungmennin mega einungis vinna létt verk og vinnutími er takmarkaður sbr. grein 27. Verkefni þau sem ungmennin mega vinna og þau verkfæri sem hver aldurshópur má nota eru útlistuð í viðaukum reglugerðarinnar. Vinnuskólanum er skylt að kynna foreldrum ráðningarkjör, þar með talið lengd vinnutíma sem og tíðni óhappa og slysa sem hugsanlega tengjast starfinu. Fyllsta öryggis þarf að gæta í vinnuskólum og leiðbeinendur þurfa að fá undirbúning um öryggismál áður en þeir hefja störf. Jafnframt er boðið upp á námskeið til að efla samstarf og félagslega hæfni.

Vinnuskóli Vogu verður starfandi í sumar fyrir ungmenni fædd 2006, 2005, 2004, þ.e. fyrir 8. til 10. bekk og fyrsta árs nemendur í framhaldsskóla. Umsóknarfrestur er til 7.maí. Ekki verður tekið við skráningum eftir það.

Verkstjóri vinnuskólans er Vignir Friðbjörnsson forstöðumaður þjónustumiðstöðvar. Sími 8556230. Netfang: [vignir@vogar.is](mailto:vignir@vogar.is). Öll erindi varðandi vinnuskólann, fyrir utan launamál, skal beina til hans.

Upplýsingar um launamál veitir Matthías Freyr Matthísson Íþróttá og Tómsfundafulltrúi. Sími: 8669538  
Netfang: [matthias@vogar.is](mailto:matthias@vogar.is)

### **Skráning í Vinnuskólann:**

Nemendur geta aðeins skráð sig hafi þeir leyfisbréf frá forráðamanni sem þarf að skila inn við skráningu.

- Einnig þarf að gefa upp reikningsupplýsingar fyrir laun.
- Ungmenni fædd 2003 og 2004 þurfa að fylla út eyðublað um nýtingu persónuafsláttar og skila til bæjarskrifstofu.
- Ekki er gert ráð fyrir að nemendur taki sér frí á tímabilinu. Fjarvistir frá vinnu er ekki hægt að bæta upp með viðbótar vinnu síðar.
- Ýmis aðstoðarstörf eru í boði fyrir nemendur í tveimur elstu árgöngunum og verða óskir um slík störf teknar til athugunar hjá verkstjóra vinnuskóla.
- Framvísa þarf læknisvottorði vegna grasofnæmis.



# Áhættumat Vinnuskóla Voga

skv. 5.gr. reglugerðar vinnueftirlits um vinnu barna og unglunga

Flokkstjórar sem ráðnir eru í vinnuskóla Voga eru sendir á námskeið tvenns konar námskeið. Annars vegar á skyndihjálpar námskeið og svo um vinnuvernd, öryggismál og líkamsbeitingu.

## Almennt fyrir nemendur vinnuskóla:

### Öryggi búnaður og umgengni.

#### 1.Vinnuskólabílar og vinnutæki.

Vinnuskólabílar eru útbúnir með öryggisbeltum. Skyld er að nota beltin þegar krakkar eru ferjaðir í bílum. Einnig skal virða reglur um hámarksfjölda farþega í bílum. Flokkstjórum er skilt að virða allar umferðareglur sem gilda, og þar á meðal hraðatakmarkanir. Ekki skal nota einkabifreiðar flokkstjóra til flutnings starfsmanna í vinnuskóla. Vinnuvélar – dráttavélar. Unglingar eru ekki í neinum tilvikum undir stjórn vinnuvéla né farþegar í slíkum tækjum. Einungis þeir sem hafa tilskilin leyfi, réttindi og mega stjórna slíkum tækjum. Þeir sem nota sláttuvélar, orf eða slátturliðvélar er skyld að fara eftir öllum leiðbeiningum. Ávallt skal hafa allar hlífur á tækjum. Skilda er að vera með heyrnahlífur, andlitshlíf, hanska og vera í skóm með stálta. Ef bilun verður á tæki skal udantekningarlaust láta flokkstjóra vita og hætta að nota tækið. Koma skal tækinu til starfsmanna þjónustumiðstöðvar til lagfæringar.

#### 2.Garðvinnuáhöld og umgengni.

Flokkstjórar kenna beitingu áhaldna, fá fræðslu um þau og líkamsbeitingu frá viðurkenndum aðilum í vinnuvernd. Flokkstjórar gæta þess sérstaklega að ekki sé farið óverlega með áhöld í starfi og leik. Flokkstjórum er gert að draga úr úr álagi og einhæfi starfa með, a) Gefa nemendum kost á að flytja sig á milli áhaldna og starfsstöðva eins og frekast kostur er. b) Stuttum hvíldum og leik. Þetta á aðeins við um ef að um erfiðisvinnu er að ræða. Garðvinnuáhöld eru yfirfarin reglulega. Biluð og brotin áhöld eru fjarlægð eða send til viðgerðar. Flokkstjórar hafa eftirlit með þessu og láta vita til verkstjóra vinnuskóla ef verkfæri eru ónýtt eða þarf að laga þau. Almenna reglan er að unglingar mega ekki lyfta og vinna að jafnaði með þyngdir yfir 12 kg. og lyfta að hámarki 25kg. Taka skal tillit til líkamsþroska þeirra.

### Hættur í umhverfi

#### 3.Vinnuumhverfi og varnir.

Flokkstjórar ganga úr skugga um öryggi vinnusvæðis hverju sinni. Tekið er tillit til eftirfarandi þátta. Umferðar og nálægðar við umferð. Skimað eftir ummerkjum um óheilnæmt sorp, sprautunálar, vökva, glerbrot og aðra torkennilega hluti eða hættu sem skaðað gæti þá sem vinna. Sé vinnuflokkur að störfum í og við stofnbraut í þéttbýli þar sem hámarkshraði er yfir 40km/klst. er regla vinnuskólans að auðkenna ungmenni með þar til gerðum einkennisvestum og /eða setja upp viðvornarskilti. Öllum nemendum er gert skyld að nota hlífðar við gróður – og moldarvinnu í beðum. Flokkstjórar gæta að varúðarmerkingum og ekki er unnið í trjáreitum þar sem úðað hefur verið nýlega með skordýra eitri. Flokkstjórar gæta að veðurfarslegum hættum vegna foks. Flokkstjóri skal í öllum tilfellum fjarlægja hnífa og eldfæri af krökkum og koma til yfirmanns vinnuskóla. Gera skal foreldrum viðvart og aðeins afhenda þeim það sem fjarlægt var.

**Slys: Fyrirbyggjandi.** Flokkstjórar hafa fengið fræðslu um grunnatriði í skyndihjálpi. Hafa meðferðis litla skyndihjálpartösku, plástur, þrýstiumbúðir. Hafa farsíma til að hringa í aðstoð. Farið er með sár, ofnæmisviðbrögð og önnur meiðsl til meðhöndlunar á slysavarðstofu. Haft er samband við forráðamann. Gerð er sérstök skýrsla til vinnueftirlitsins ef vinnuslys á sér stað.



# Vinnutími

---

## 14 ára, úr 8. bekk:

Tímabil: 6. júlí - 13. ágúst.

Starfstími: Mánudaga til fimmtudaga kl. 08:30 - 12:00. Fjöldi vinnustunda 66,5.

Laun: Kr. 916,- á tímann með orlofi.

Helstu verkefni: Þrif, rakstur og gróður umhirða og önnur tilfallandi verkefni.

## 15 ára, úr 9. bekk:

Tímabil: 8. júní - 9. júlí:

Starfstími: Mánudaga til fimmtudaga kl. 08:30-12:00 og 13:00-15:30. Fjöldi vinnustunda 114.

Laun: Kr. 1.145,- á tímann með orlofi.

Helstu verkefni: Gróðursetning, áburðargjöf, þrif, sláttur, rakstur og gróður umhirða.

Aðstoð við leikjanámskeið og önnur tilfallandi verkefni.

## 16 ára, úr 10. bekk:

Tímabil: 15. júní - 13. ágúst.

Starfstími: Mánudaga til fimmtudaga kl. 08:30-12:00 og 13:00-15:30. Fjöldi vinnustunda 180.

Laun: Kr. 1.603,- á tímann með orlofi.

Helstu verkefni: Sláttur, rakstur og létt viðhald á lóðum. Gróðursetning, áburðargjöf, hreinsun, málun, aðstoð við leikjanámskeið og önnur tilfallandi verkefni.

## 17 ára, úr 1. bekk framhaldsskóla:

Tímabil: 8. júní - 13. ágúst.

Starfstími: Mánudaga til fimmtudaga kl. 08.30-12.00 og 13.00-15.30. Fjöldi vinnustunda 204.

Laun: Kr. 1.879,- á tímann með orlofi.

Helstu verkefni: Sláttur, rakstur og létt viðhald á lóðum. Gróðursetning, áburðargjöf, hreinsun, málun, aðstoð við leikjanámskeið og önnur tilfallandi verkefni.



# Vikuskipting milli árganga

Vikuskiptingar milli árganga 2020																																	
Maí	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31		
	fö	la	su	ma	þr	mi	fi	fö	la	su	ma	þr	mi	fi	fö	la	su	ma	þr	mi	fi	fö	la	su	ma	þr	mi	fi	fö	la	su		
8.bekkur																																	
9.bekkur																																	
10.bekkur																																	
11.bekkur																																	
flokkstj.																																	
Júní	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30			
	ma	þr	mi	fi	fö	la	su	ma	þr	mi	fi	fö	la	su	ma	þr	mi	fi	fö	la	su	ma	þr	mi	fi	fö	la	su	ma	þr			
8.bekkur																																	
9.bekkur																																	
10.bekkur																																	
11.bekkur																																	
flokkstj.																																	
Júlí	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31		
	mi	fi	fö	la	su	ma	þr	mi	fi	fö	la	su	ma	þr	mi	fi	fö	la	su	ma	þr	mi	fi	fö	la	su	ma	þr	mi	fi	fö		
8.bekkur																																	
9.bekkur																																	
10.bekkur																																	
11.bekkur																																	
flokkstj.																																	
Ágúst	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	20	21	22	23	24	25	26	27	28	29	30	31		
	la	su	ma	þr	mi	fi	fö	la	su	ma	þr	mi	fi	fö	la	su	ma	þr	mi	fi	fö	la	su	ma	þr	mi	fi	fö	la	su	ma		
8.bekkur																																	
9.bekkur																																	
10.bekkur																																	
11.bekkur																																	
flokkstj.																																	

FRÍ



# Starfsreglur Vinnuskóla Voga

1. Vinnuskólinn er tóbaks-rafrettu og vímuefnalaus vinnustaður.
2. Allir nemendur skrifa undir ráðningasamning.
3. Við skráningu í Vinnuskólann er litið svo á að unglingur sé að sýna áhuga á að taka þátt í starfi skólans.
  - a. Honum ber að vinna þau verkefni sem honum eru falin án þess að stöðugt þurfi að ganga eftir því að hann haldi sig að verki.
  - b. Þá ber honum jafnframt að sýna öllum samstarfsmönnum sínum, flokksstjórum og yfirmönnum Vinnuskólans, svo og öllum bæjarbúum fyllstu kurteisi þegar hann er við vinnu.
4. Mæta ber stundvíslega til vinnu og skila fullum vinnudegi.
5. Nemendur eiga að mæta á hverjum degi til vinnu nema til komi veikindi eða leyfi.

Geðþóttamæting nemenda er ekki liðin.
6. Foreldrar/forráðamenn skulu tilkynna beint til viðkomandi flokksstjóra um veikindi eða leyfi, með því að hringja. Smáskilaboð (SMS) eru ekki tekin gild. Ekki er gert ráð fyrir sumarleyfi í Vinnuskólanum. Símanúmer vinnuskólans eru 7770926 og 770926
7. Ef nemandi er fjarverandi án útskýringa í tvo daga í röð er honum vísað úr Vinnuskólanum.
8. Öll óútskýrð fjarvera verður dregin frá launum.
9. Nemandi sem mætir of seint þrisvar sinnum er sendur heim launalaus í einn dag.
10. Flokkstjóri hefur heimild til að senda ungling heim úr vinnu á vinnutíma vegna agabrota og skal flokkstjórinn þá hringja í forráðamenn og tilkynna ástæðu brottvikningar. Til þess þarf þó að vera rík ástæða sem flokkstjórar meta og eru aðrar leiðir reyndar áður en til þessa úrræðis er gripið. Alvarleg brot á starfsreglun þýðir brottvísun að fullu.
11. Fara skal vel með verkfæri, stunda vinnuna samviskusamlega og fara eftir leiðbeiningum og fyrirmælum yfirmanna. Ef starfsmaður eyðileggur ítrekað verkfæri er starfsmaður sendur heim launalaust í einn dag og foreldri látið vita.
12. Laun eru greidd fyrir fræðsludaga ef viðkomandi tekur þátt í allri dagskránni af fullri einurð.
13. Unglingar leggja sér sjálfir til allan **hlífðarfatnað** og skal hann vera **samkvæmt aðstæðum** og verkefnum. Öllum er ráðlagt að hafa með sér bakpoka og merkja fatnað, skó og stígvél. Ekki er heimilt að fara heim á vinnutíma til að sækja föt/nesti
14. Notkun farsíma við vinnu er óheimil.
15. Engin ábyrgð er tekin á fötum nemenda, reiðhjólum, farsímum eða öðrum hlutum sem nemendur taka með sér á vinnustað.
16. Nauðsynlegt er að koma með nesti því
  - a) ekki er leyfilegt að fara af vinnustaðnum nema í matarhléi.
  - b) Kaffihlé er í 15 mín. og varið á vinnusvæði með flokkstjóra.
17. Unnið verður um allan bæ og því nauðsynlegt að mæta í vinnuna í fötum við hæfi, með hlífðarföt með sér. Ekki er heimilt að fara heim að sækja föt.
18. Ekki er heimilt að skipta um vinnuflokk nema í undantekningartilfellum.
19. Allir nemendur og flokkstjórar þurfa að vera í vesti með endurskinsmerki á vinnutíma.
20. Sé unglingur með það alvarlegt ofnæmi að það hindri þátttöku í hefðbundnum störfum vinnuskólans ber honum að skila inn læknisvottorði því til staðfestingar við skráningu.



# Umsögn og viðurkenning

---

- Allir nemendur Vinnuskólans fá umsögn frá flokkstjóra sínum, um frammistöðu sína að sumarstarfinu loknu. Forráðamenn og nemendur geta beðið um að fá slíka umsögn senda til sín.
- Umsögnin er í fjórum stigum: Mjög gott, gott, sæmilegt og ófullnægjandi.
- Eftirtalin atriði eru metin: stundvísi, framkoma, tekur fyrirmælum, vandvirkni, sjálfstæð vinnubrögð, samvinna, meðferð verkfæra og afköst.
- Helstu verkefna sumarsins er getið og flokkstjóri gefur almenna umsögn í nokkrum setningum um frammistöðu nemandans.





# Hverfaskipt Verkefni





# Svæði 1

Afmörkun: Svæði 1 er innkoman í Voga og afmarkast af Hafnargötu og Vatnsleysustrandar vegi

Sláttur: Slegin svæði eins og sýnd eru rauðmerkt á korti

Önnur verkefni: Beðahreinsun í kringum Íþróttamiðstöð og Aragerði

Pörf verkefni: Sanda beð til að minnka illgresi. Passa beð við innkomuna inn í bæinn

Athugasemdir:







## Svæði 2


Afmörkun: Svæði 2 afmarkast af Stapavegi og Vogaaflleggjara

Sláttur: Slegin svæði eins og sýnd eru rauðmerkt á korti

Önnur verkefni:

Pörf verkefni:

Athugasemdir:





# Svæði 3

Afmörkun: Svæði 3 afmarkast af Ægisdötu og Stapavegi

Sláttur: Slegin svæði eins og sýnd eru rauðmerkt á korti

Önnur verkefni:

Pörf verkefni:

Athugasemdir:







# Svæði 4

Afmörkun: Svæði 4 afmarkast af

Sláttur: Slegin svæði eins og sýnd eru rauðmerkt á korti

Önnur verkefni: Trjá og blómabeð við Grunnskólann hreinsuð

Pörf verkefni: Sanda trjáa og blómabeð á svæðinu til að minnka illgresis myndun.

Athugasemdir:



**Vinnuskóli 2020 Frammistöðumat**

Starfsmaður:

Árgangur\Bekkur:

Tímabil:

	Gott	Viðunandi	Óviðunandi
Stundvísi:			
Aths.			
Framkoma:			
Aths.			
Fylgir fyrirmælum:			
Aths.			
Vandvirkni:			
Aths.			
Sjálfstæð vinnubrögð:			
Aths.			
Samvinna:			
Aths.			
Meðferð verkfæra:			
Aths.			
Afköst:			
Aths.			
Flokkstjóri.			Dagsetning

